



Laxdalshús um 1890. Stóra dökka húsið er talið byggt 1793 en rifið 1933 - 34. Það tilheyrið Gudmannsverslun eins og Laxdalshús.

Laxdalshús around 1890. The large dark house is thought to have been built in 1793 and demolished in 1933 - 34. Like Laxdalshús, it belonged to the Gudmannsverslun store.



AKUREYRI


Laxdalshús

Hér vildu kaupmennirnir búa þar sem aðdýpið var svo mikið að skip gátu lagst nánast upp í fjörusteina og auðveldlega mátti tala saman á milli skips og lands. Í fyrstu voru engar bryggjur og allt ferjað á milli á litlum prömmum eða bátum. Þú stendur því í raun og veru í fjöruborðinu eins og það var meginhluta 19. aldar. Húsið fyrir framan þig, Laxdalshús, er elsta hús Akureyrar, byggt 1795 af Jóhanni P. Hemmert verslunarstjóra Kyhns-verslunar er átti höfuðstöðvar í Kaupmannahöfn. Húsið dregur hins vegar nafn af Íslendingnum Eggerti Laxdal sem varð verslunarstjóri 1874 hjá dönsku versluninni er þá átti Laxdalshús. Þótt húsið væri fyrst og fremst notað sem íbúðarhús gerðist það 1827 að nýstofnað Amtsbókasafn hóf bókaútlán í Laxdalshúsi. Bækurnar voru lánaðar endurgjaldslaust og bókvörðurinn launalaus en hann var jafnframt danskur verslunarstjóri. Árið 1943 keypti Akureyrarbær Laxdalshús gagngert til að koma þar fyrir húsvilltum bæjarbúum. Að vísu er vandséð að kaupin hafi leyst mikinn vanda því að þá þegar bjuggu þar 22 íbúar og varla pláss fyrir fleiri. Laxdalshús var friðað 1978 og Sverri Hermannssyni húsasmíðameistara falin viðgerð á því. Í júní 1984 var það opnað að nýju og hefur síðan hýst margskonar starfsemi.

Akureyri's oldest house

This is where the merchants wanted to settle down, where the seabed slopes down sharply from the shore, enabling ships to anchor within easy conversation distance from dry land. Piers did not exist in those times and all commodities had to be ferried ashore in small rafts or boats. Here, you are standing where the shoreline lay during most of the 19th century. The house with the tree in front of you is Laxdalshús, the oldest house in Akureyri, built in 1795 by Johan P. Hemmert, manager of Kyhns-verslun, one of the largest Danish stores in town. The house is, however, named after Eggert Laxdal who, in 1874, became managing director of the Danish company which at that time owned the house.


Although primarily used as residential and commercial premises, the house also became, in 1827, the first headquarters of the newly established district archives and town library. Here books could be borrowed free of charge and the librarian – a Danish merchant – received no salary. In 1943 Akureyri municipality purchased the house for the express purpose of housing homeless people. This purchase, however, apparently achieved little as the house already accommodated 22 individuals. Laxdalshús became a protected building in 1978 and was reopened after extensive renovation in June 1984. Since then, various activities have been conducted under its roof.



Séð suður götuna frá Laxdalshúsi 1896. Árið 1836 voru tvö tré á Akureyri, annað þeirra reynivíður í garðinum við Laxdalshús, líklega grðurursettur um 1820. Looking south from Laxdalshús in 1896. There were only two trees in Akureyri in 1836, one a rowan which stood in the garden of Laxdalshús and was planted around 1820.



Horft yfir gömlu Akureyri um 1890. Laxdalshús þekkist af reynitrénu sem stendur fyrir fram. Það. All húsin næst Laxdalshúsi eru brunnin eða hafa verið rifin. A view of old Akureyri around 1890. Laxdalshús can be identified by the rowan tree in front of it. All the buildings in the vicinity of Laxdalshús have either burned down or been demolished.



Laxdalshús var fyrsta húsið á Akureyri sem var gert upp í upphaflega mynd (1979). Laxdalshús was the first house in Akureyri to be renovated in its original form (1979).



www.visitakureyri.is



MINJASAFNID Á AKUREYRI
AKUREYRI MUSEUM



NORDURORKA